

Ár 2014, miðvikudaginn 17. desember, er í Félagsdómi í málinu nr. 10/2014:

Alþýðusamband Íslands

f.h. Starfsgreinasambands Íslands,

vegna Framsýnar stéttarfélags

(Bergþóra Ingólfssdóttir hrl.)

gegn

Samtökum atvinnulífsins

vegna Vísis hf.

(Ragnar Árnason hdl.)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 19. nóvember 2014.

Málið dæma Sigurður G. Gíslason, Ásmundur Helgason, Guðni Haraldsson, Lára V.

Júlíusdóttir og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er: Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, f.h. Starfsgreinasambands Íslands, kt. 601000-3340, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, vegna Framsýnar stéttarfélags, kt. 680269-7349, Garðarsbraut 26, Húsavík.

Stefndi er: Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919, Borgartúni 35, Reykjavík vegna Vísis hf. kt. 701181-0799, Hafnargötu 16, Grindavík.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær kröfur að dæmt verði að rekstrarstöðvun stefnda, sem tilkynnt var stefnanda þann 1. apríl 2014 og kom til framkvæmda þann 1. maí 2014 og stendur enn, hafi verið brot á ákvæði 18.4.8.2 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar auk álags er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir:

Vísir hf. er útgerðarfyritæki sem rekið hefur fiskvinnslur á fjórum stöðum á landinu, Grindavík, Djúpavogi, Húsavík og Þingeyri.

Stefndi kveður að aðaláhersla Vísis hf. undanfarna áratugi hafi verið á framleiðslu á saltfiski. Hver vinnsla sé sérhæfð, í Grindavík sé einungis saltfiskvinnsla fyrir suður Evrópu, á Djúpavogi séu framleidd saltfiskflök og saltfiskur fyrir suður Evrópu, einnig vinnsla á keilu í salt, á Húsavík sé bitavinnsla fyrir ferskt og frosið, aðallega úr ýsu og þorski, og á Þingeyri séu unnin léttisöltuð lausfryst flök úr þorski og lausfryst flök úr ýsu. Hverri vinnslu fylgi sérhæfður tækjabúnaður, m.a. vegna frystingar og söltunar, og verði því vinnsla ekki færð milli húsa. Í húsum Vísis hf. sé einnig unnið úr öðrum fisktegundum eftir því sem kostur sé, aðallega keilu, löngu, blálöngu, tindaskötu og steinbít.

Á fundi með starfsmönnum Vísis hf. á Húsavík föstudaginn 28. mars 2014 var frá því greint að til stæði að flytja alla fiskvinnslu félagsins til Grindavíkur. Öllu starfsfólki Vísis á Húsavík stæði til boða að flytja suður með félaginu og halda þar störfum sínum á sömu kjörum og fyrr. Hins vegar myndi það taka 4 mánuði að flytja allar vélar og tæki suður og meðan á því stæði yrði eðli máls samkvæmt engin fiskvinnsla hjá félaginu. Var starfsfólkið hvatt til þess að skrá sig á atvinnuleysissskrá meðan á þessu stæði. Í framhaldinu var haft samband við hvern og einn starfsmann um það hvað viðkomandi hygðist gera, þ.e. hvort starfsmenn vildu flytjast með fyrirtækinu eða ekki. Í bréfi dags. 1. apríl 2014, sem kynnt var á fyrrgreindum fundi, var á því byggt að um langvinna rekstrarstöðvun væri að ræða vegna hráefnisskorts, sem tæki gildi að fjórum vikum liðnum. Afrit þessarar tilkynningarinnar var sent stefnanda og Vinnumálastofnun.

Hinn 1. maí var starfsstöð Vísis hf. á Húsavík lokað, þannig að þá lagðist fiskvinnsla af, en einhverjir starfsmenn unnu að því að taka niður vélar og tæki sem flytja skyldi til Grindavíkur.

Með bréfi Framsýnar stéttarfélags, dags. 8. maí 2014 var því mótmælt að um rekstrarstöðvun væri að ræða í skilningi kjarasamnings. Verið væri að leggja starfsemi fyrirtækisins niður á Húsavík og til stæði að opna frystihús í Grindavík. Engum hráefnisskortu væri til að dreifa sem réttlætti rekstrarstöðvun skv. lögum eða kjarasamningum. Þá hafi verið vísað til fyrirheita Vísis hf. um að starfsmenn ættu þess kost að flytjast með félaginu suður til Grindavíkur og starfa þar þegar verksmiðjan væri tilbúin, en þangað til yrðu starfsmenn á atvinnuleysisbótum. Þessari framgöngu mótmælti stéttarfélagið sem ólögmati. Engum starfsmanni Vísis hf. hefði verið sagt upp og því ættu starfsmenn rétt til launa þrátt fyrir að Vísir hf. hefði ekki óskað eftir vinnuframlagi starfsmanna. Var skorað á Vísir hf. að standa skil á samningsbundnum

launagreiðslum til starfsmanna, ella væri þess að vænta að leitað yrði fulltingis dómstóla.

Kveður stefnandi að fyrirsvarsmenn Framsýnar stéttarfélags hafi freistað þess með fundum og samtölum að fá greitt úr því með hvaða hætti Vísir hf. ætlaði að standa við skuldbindingar sínar gagnvart starfsfólkinu. Hafi í því skyni verið fundað með Vinnumálastofnun þar sem þeim sjónarmiðum stefnanda hafi verið komið á framfæri að ekki væri um hráefnisskort að ræða og því ekki forsendur til þess að beita ákvæði kjarasamnings þar um.

Með bréfi lögmanns Vísis hf., dags. 10. júní 2014, var stéttarfélaginu Framsýn tilkynnt að Vísir hf. hefði, í kjölfar fundar með Vinnumálastofnun, ákveðið að segja upp eða gera starfslokasamninga við það starfsfólk Vísis hf. sem ekki hefði þegið að flytja með fiskvinnslunni til Grindavíkur. Engin svör eða viðbrögð kveður stefnandi að hafi fengist við kröfum stéttarfélagsins varðandi þá starfsmenn Vísis hf. og félagsmenn Framsýnar sem kosið hefðu að vera áfram starfsmenn Vísis hf. og flytjast með starfsemi til Grindavíkur.

Stefnandi telur að ekki hafi verið forsendur til þess að beita ákvæði 18.4.8.2 kjarasamningsins, sem eigi við ef um hráefnisskort sé að ræða, enda sé stöðvun vinnslu Vísis hf. að rekja til niðurlagningar starfsstöðvar en ekki hráefnisskorts. Vísir hf. hafi í byrjun maí 2014 átt óveidd ríflega 2000 tonn þorskígilda skv. upplýsingum Fiskistofu. Enginn hráefnisskortur hafi því verið til staðar sem réttlætt geti lokun bolfiskvinnslu á Húsavík. Þrátt fyrir það hafi Vísir hf. litið svo á að heimilt væri að láta af launagreiðslum til þessara starfsmanna á grundvelli þessa ákvæðis vegna flutnings vinnslunnar. Því sé stefnandi ósammála og telji að með þessu sé brotið gegn kjarasamningi málsaðila og vegið verulega að hagsmunum hlutaðeigandi félagsmanna sem verði af þessum sökum af réttum launagreiðslum auk þess sem réttindi þeirra til

atvinnuleysisbóta síðar meir muni skerðast, að ótalinni þeirri óvissu sem þeir búi við varðandi atvinnu sína.

Stefndi kveður að á undanföllum árum hafi Vísir hf. haft veiðiheimildir fyrir um 16 þúsund tonnum á ári og hafi afli sem nemi þeim heimildum verið unninn í eigin húsum. Hluti afla hafi verið seldur á fiskmörkuðum, aðallega þær fisktegundir sem ekki sé hægt að vinna í húsum Vísis hf., en aðrar tegundir hafi verið keyptar á móti.

Stefndi kveður veiðiheimildir Vísis hf. hins vegar ekki hafa nægt fyrir heils árs vinnslu í öllum húsunum. Hafi þá sérhæfing húsa ráðið því hversu lengi halda megi úti vinnslu. Vegna eðlis saltfiskvinnslu, þar sem verkunartími sé þrjár vikur, hafi hráefnisskortur síst komið niður á vinnslum Vísis hf. á Djúpavogi og í Grindavík. Ráði þar miklu að á sumrin sé sótt í djúpsjávartegundir, keilu, löngu og blálöngu, sem fari aðallega í saltfiskvinnslu auk þess sem þessum veiðum fylgi stærri þorskur sem einungis sé hægt að verka í salt. Vinnsla Vísis hf. á Þingeyri njóti þessa að hluta því þar séu unnin léttsöltuð flök. Á Húsavík sé hins vegar hvorki aðstaða né tækjabúnaður til að vinna í létt- eða þurrsalt. Þegar breyttar veiðar og takmarkaðar aflaheimildir hafi í för með sér að leggja verði áherslu á söltun í stað frystingar leiði það til þess að vinnslan á Húsavík stöðvist.

Stefndi kveður að vegna sérhæfingar hvernar vinnslu hefur Vísir hf. ekki átt þess kost að færa vinnslu milli húsa eða jafna hana út með öðrum hætti. Vísir hf. hafi ítrekað neyðst til að stöðva vinnslu í húsum sínum á Húsavík og Þingeyri vegna hráefnisskorts. Árin 2008 til 2014 hafi vinnsla legið niðri á þessum tveimur stöðum vegna sumarfría og hráefnisskorts frá 16 upp í 28 vikur samtals.

Stefndi kveður að þótt Vísir hf. hafi átt ýsukvóta í byrjun maí 2014 þá hafi ekki verið mögulegt að halda áfram veiðum á ýsu eingöngu til að tryggja vinnslu á Húsavík.

Vinnsla Vísis hf. á Húsavík hafi unnið úr allt að 400 tonnum af ýsu á mánuði og því

ljóst að ýsukvóti Vísis hf. hefði dugað skammt ef vinnslu hefði verið haldið áfram. Vegna reglna um veiðar og leyfilegan meðafla hafi verið nauðsynlegt, sérstaklega við veiðar á þorski, að eiga ýsukvóta til loka fiskveiðiársins, enda geti ýsa verið allt að 20% meðafla við þorskveiðar. Fjöldmörg dæmi séu um að útgerðarmenn hafi þurft að hætta veiðum á þorski þar sem þeir hafi ekki átt eða getað leigt til sín ýsukvóta. Sú breyting hafi orðið á kvótaárinu 2013 – 2014 að ýsukvóti hafi verið ófáanlegur á markaði. Vísir hf. hafi því þurft að treysta á eigin kvóta til að geta haldið úti öðrum veiðum.

Stefndi kveður að þegar tilkynnt hafi verið um vinnslustöðvun á Húsavík hefði verið áætlað hvernig yrði unnið úr þeim afla sem enn hafi verið óveiddur. Sú áætlun hafi staðist og hægt verið að halda úti vinnslu á þremur starfsstöðvum Vísis hf. fram að sumarleyfum. Veiðiheimildir hafi hins vegar ekki leyft lengri vinnslu á Húsavík.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda að starfsstöð Vísis hf. á Húsavík hafi verið lokað 1. maí til þess eins að flytja búnað frá Húsavík til Grindavíkur. Stefndi kveðst hafa sýnt fram á að loka hafi þurft vinnslustöðvum vegna hráefnisskorts og á meðan sú lokun hafi staðið yfir hafi verið farið í skipulagsbreytingar á allri vinnslu Vísis hf. Einungis sex vikur hafi tekið að taka niður allan búnað Vísis hf. á Húsavík og því ekki verið nauðsynlegt að loka vinnslunni 1. maí vegna þeirrar framkvæmdar.

Stefndi kveður að af þeim 65 starfsmönnum sem hafi verið í starfi á Húsavík 1. maí hafi 27 hafnað tilboði um að flytja með fyrirtækinu til Grindavíkur. Þeir starfsmenn hefðu ýmist sagt upp, verið sagt upp eða gengið frá samkomulagi um starfslok. Hafi þeir verið á launum hjá Vísi hf. á uppsagnarfresti sem hafi hafist 1. júní auk þess sem þeir hafi haldið launum í maí.

Þá kveður stefndi að af þeim 38 sem samþykkt hafi að flytja með fyrirtækinu hafi einungis 16 farið á atvinnuleysisbætur. Mál þetta snerti því einn af hverjum fjórum starfsmönnum sem hafi verið í starfi hjá Vísi hf. á Húsavík.

Málsástæður stefnanda:

Stefnandi kveður mál þetta eiga undir Félagsdóm skv. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem ágreiningur málsins lúti að skilningi á kjarasamningi aðila og varði hagsmuni félagsmanna stefnanda, sbr. 45. gr. sömu laga.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á ákvæði gr. 18.4.8.2 í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins frá 21. desember 2013, en ákvæðið er eftirfarandi:

„Ef horfur eru á langvinnri rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts, sem áætlað er að vari í a.m.k. tvær vikur en þó að hámarki sex mánuði, er fyrirtæki þó jafnan heimilt með tilkynningu til starfsfólks, vinnumiðlunar og verkalyðsfélags, að boða vinnslustöðvun með fjögurra vikna fyrirvara. Sé vinnsla í fyrirtækinu er nægilegt að hengja upp almenna tilkynningu, ella skal hverjum starfsmanni tilkynnt um vinnslustöðvunina. Launagreiðslur falla þá niður frá og með þeim tíma sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.”

Stefnandi kveðst byggja á því að ekki hafi verið forsendur fyrir beitingu þessa ákvæðis í tilviki Vísis hf. Vinnslustöðvunin hafi því verið brot á ákvæði kjarasamningsins frá upphafi. Ákvæði gr. 18.4.8.2 sé undantekningarákvæði frá reglum kjarasamninga um skyldu atvinnurekanda til greiðslu launa og því beri að skýra það þröngt. Ákvæði 18.4.8.2 sé heimildarákvæði sem aðeins eigi við í ákveðnum og tilteknum aðstæðum sem tengjast atvinnugreininni, sjávarútvegi og eigi rót í eðli þeirrar starfsemi, þar sem ekki er alltaf á vísan að róa. Forsenda ákvæðisins sé því sú að röskun verði á starfsemi

fiskvinnslufyrirtækis vegna skyndilegs aflabrests sem leiði til þess að engan afla sé að vinna. Um sé að ræða ákvæði sem aðeins eigi við þegar um ófyrirséð ytri atvik eða “vis major” tilvik sé að ræða, tilvik sem ekki sé unnt að koma í veg fyrir þótt eðlilegar ráðstafanir séu gerðar. Vegna þessa eðlis ákvæðisins beri því að skýra það þröngt og samkvæmt orðanna hljóðan.

Í samræmi við það kveðst stefnandi byggja á því að aðeins sé heimilt að stöðva rekstur fiskvinnslu og láta af launagreiðslum innan þess skamma frests sem ákvæðið greinir, ef um skort á hráefni til vinnslu sé að ræða. Því hafi ekki verið fyrir að fara í þessu tilviki. Önnur ákvæði kafla 18.4 í kjarasamningnum, sem fjalli um kauptryggingu fiskvinnslufólks, séu þessum skilningi stefnanda til stuðnings. Þannig sé í gr. 18.4.8.4 vikið að því að heimilt sé að framlengja fjögurra vikna frestinn um allt að viku ef hráefni hafi enst betur en á horfðist.

Stefnandi kveður að í tilviki Vísis hf. hafi hvorki skort á aflaheimildir né hafi verið sýnt fram á að sérstakur aflabrestur hafi orðið þannig að ekkert hafi fiskast. Vísir hf. hafi sjálfur lýst því svo í bréfi, dags. 10. júní 2014 til Framsýnar stéttarfélags, og ítrekað í fjölmiðlum, að ástæða lokunar starfsemi fiskvinnslunnar á Húsavík hafi verið sú að verið væri að flytja starfsstöðina frá Húsavík til Grindavíkur. Enginn ágreiningur sé með aðilum um það í raun að ástæðu rekstrarstöðvunarinnar sé aðeins að rekja til lokunar þessarar og flutnings búnaðar frá Húsavík til Grindavíkur sem geri hagnýtingu tækjanna og starfsemi þeim tengda ómögulega meðan á því standi.

Þá kveðst stefnandi og byggja á því að ástæður þær sem stefndi hefur borið fyrir sig og varði vinnslustöðvunina á Húsavík séu ekki fullnægjandi „is major” ástæður samkvæmt skilgreiningu kjarasamningsákvæðisins. Ákvæðinu sé ekki ætlað að firra atvinnurekanda ábyrgð nema þegar um ófyrirséðar aðstæður sé að ræða. Ígrundaðar ákvarðanir atvinnurekanda sem teknar séu á rekstrarlegum forsendum eins og hér er um að ræða, eigi þar ekki undir. Vísi hf. hefði við þessar aðstæður verið nær að segja

starfsmönnunum upp á grundvelli ákvæða kjarasamningsins þar um og bjóða þeim eftir atvikum endurráðningu á hinum nýja stað, suður í Grindavík. Í þessu samhengi árétti stefnandi og bendi á að ekki hafi verið um það að ræða að raunverulegur hráfnisskortur væri til staðar, þar sem Vísir hf. hafi átt nægar aflaheimildir, sbr. framlagt yfirlit frá Fiskistofu.

Í þessu samhengi vísar stefnandi sérstaklega til dóms Félagsdóms í máli nr. 14/1996, þar sem dómurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að líta til rekstrarlegra hagsmuna fyrirtækis við mat á því hvort forsendur vinnslustöðvunar í skilningi kjarasamningsins hafi verið fyrir hendi.

Þá kveðst stefnandi byggja á því að við túlkun kjarasamningsákvæðisins beri að líta til 3. gr. laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, enda til þess lagaákvæðis vísað í hinu umþrætta kjarasamningsákvæði. Nefnt ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1979 er eftirfarandi:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. mgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.“

Kveðst stefnandi byggja á því að ákvæði 3. gr. laga 19/1979 sé skýrt að efni til.

Samkvæmt því falli skylda atvinnurekanda til að inna launagreiðslur af hendi til

starfsmanna aðeins niður þegar um þau tilvik sé að ræða sem greind séu í ákvæðinu þar á meðal, ef atvinna falli niður hjá fiskiðjuveri vegna þess að hráefni sé ekki til staðar. Undir ákvæði 3. gr. verði því ekki felldar þær aðstæður sem hér um ræði, að atvinnurekandi ákveði að flytja starfsstöð sína með þeim afleiðingum að henni sé lokað meðan á flutningi stendur. Þær aðstæður sem hér um ræði verði alls ekki felldar undir þær aðstæður sem nefnd 3. gr. fjalli um, heldur þvert á móti hafi þær grundvallast á ákvörðun Vísis hf. sjálfs, sem hann hafi tekið á grundvelli hagkvæmnisástæðna sem ekki fái rúmast innan þess þrönga skilnings er „vis major“ reglur byggja á.

Þessum skilningi stefnanda til stuðnings vísar stefnandi til b.liðar 2. gr. reglugerðar um greiðslur Atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks nr. 556/2004, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna fiskvinnslufólks, en þar sé hugtakið vinnslustöðvun skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Eðlilegri vinnslu verður ekki haldið áfram í fiskvinnslufyrirtæki, í tiltekinni deild þess eða vinnslulínu vegna hráefnisskorts eða annarra viðlíka ástæðna, svo sem bruna, bilunar í vélum eða vegna þess að ekki er talið réttlætanlegt að vinna afla vegna ónógs magns, enda taki vinnslustöðvunin til meirihluta starfsmanna í hlutaðeigandi deild eða vinnslulínu. Ekki er átt við vinnslustöðvun á annars venjulegum vinnslutíma fyrirtækis sem rekja má eingöngu til uppsetningar á nýjum tæknibúnaði fyrirtækis, breytinga á vinnsluhúsnæði fyrirtækis eða sumarorlofs starfsmanna.“

Stefnandi telur ótvírætt að engar lagareglur, sem eigi við um þær aðstæður er vinna falli niður í fiskvinnslu, né reglugerðir sem á þeim byggja geri ráð fyrir því að vinnslustöðvun sem rekja megi til rekstrarlegra forsenda geti réttlætt vinnslustöðvun í skilningi hins umþrætta ákvæðis kjarasamnings aðila. Kveðst stefnandi þannig byggja á því sérstaklega að ákvæði gr. 18.4.8.2 verði ekki skilið á annan hátt en þann að það

eigi aðeins við ef vinnslustöðvun verði vegna skorts á hráefni eins og berum orðum segi í ákvæðinu. Að mati stefnanda verði því ekki litið svo á að sú ákvörðun stefnda að flytja starfsemi sína milli landshluta falli undir hugtakið vinnslustöðvun í skilningi gr. 18.4.8.2 og því beri að fallast á kröfur stefnanda í málinu.

Stefnandi kveðst byggja málsókn sína á lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla auk laga nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna fiskvinnslufólks. Um dómssvald Félagsdóms vísist til 44. gr. og 45. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að Vísir hf. hafi, frá og með 1. maí 2014, ekki haft nægar veiðiheimildir svo hægt hafi verið að halda úti starfsemi á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Vísir hf. hafi því verið heimilt að tilkynna um vinnslustöðvun á grundvelli greinar 18.4.8.2 í kjarasamningi SGS og SA.

Stefndi kveður að mjög hafi gengið á aflaheimildir Vísis hf. og fyrir legið þegar leið að vori að þær dygðu ekki til að halda úti starfsemi á öllum fjórum starfsstöðvum Vísis hf. Vinnslugeta Vísis hf. sé um 1600 - 2000 tonn á mánuði, eftir eðli vinnslu og því ljóst að stöðva þyrfti eina eða fleiri vinnslur á tímabilinu maí til ágúst. Það hafi verið mat Vísis hf. að teknu tilliti til veiðiheimilda sem eftir stóðu í hverri tegund, fiskgengdar, sérhæfingar hvernar vinnslu, birgðastöðu og markaðsaðstæðna að stöðva vinnslu á Húsavík frá og með 1. maí. Stefndi byggir á því að það sé háð mati

atvinnurekanda hvaða deild eða vinnslulínu rétt sé að loka hverju sinni vegna hráefnisskorts.

Stefndi kveður hráefnisskort margoft hafa leitt til lokunar vinnslunnar á Húsavík í byrjun maí og ráði þar aðstæður sem raktar séu í málavaxtalýsingu stefnda. Árið 2008 hafi verið lokað vegna hráefnisskorts í 17 vikur frá 1. maí til 30. ágúst, árið 2009 hafi verið lokað í 14 vikur frá 29. maí til 7. september, árið 2010 hafi verið lokað í 13 vikur frá 28. maí til 1. september og árið 2011 hafi einnig verið lokað í 13 vikur frá 31. maí til 2. september. Árin 2012 og 2013 hafi verið lokað í skemmri tíma, fyrst og fremst vegna vinnslu á steinbít, löngu og blálöngu sem sótt sé í á sumrin. Ekki hafi verið mögulegt að halda áfram þeirri tilraunavinnslu á Húsavík vegna birgðastöðu og markaðsaðstæðna.

Stefndi andmælir þeirri túlkun stefnanda að gr. 18.4.8.2 byggi einungis á force majeure sjónarmiðum, þ.e. ófyrirséðum ytri atvikum. Greinin byggi á sömu heimild atvinnurekanda og kveðið sé á um í 3. gr. laga nr. 19/1979 sem geri „ófyrirséð atvik“ ekki að skilyrði fyrir því að launagreiðslur falli niður í hráefnisskorti. Force majeure tilvik séu sérstaklega tilgreind í gr. 18.4.8.7. í kjarasamningi aðila þar sem taldar séu upp óviðráðanlegar ástæður sem leitt geti til vinnslustöðvunar. Í slíkum tilvikum sé atvinnurekanda heimilt að fella niður launagreiðslur án fyrirvara.

Stefndi kveður að áður en samið hafi verið um kauptryggingu í kjarasamningum hafi meginreglan verið sú að starfsmenn hafi verið felldir af launaskrá á grundvelli 3. gr. l. 19/1979 ef hráefnisskortur hafi torvelað vinnslu í lengri eða skemmri tíma. Ákvæði um gerð kauptryggingarsamninga sé frávik frá lögbundnum rétti atvinnurekanda og því ekki rétt að túlka sem meginreglu. Réttur atvinnurekanda til að fella starfsmenn af launaskrá vegna hráefnisskorts verði því ekki túlkaður þröngt. Einnig sé óhjákvæmilegt að horfa til framkvæmdar þessara samningsákvæða við túlkun þeirra

enda gefi viðurkennd framkvæmd sterkar vísbendingar um sameiginlegan skilning samningsaðila á samningsákvæðum.

Stefndi kveður formann Framsýnar stéttarfélags, Aðalstein Árna Baldursson, hafa verið í forsvari fyrir fiskvinnsludeild Verkamannasambands Íslands og Starfsgreinasambands Íslands allt frá árinu 1995 og sem slíkan hafa leitt viðræður við atvinnurekendur um kjaramál og kauptryggingu fiskvinnslufólks. Á því tímabili hafi kauptrygging fiskvinnslufólks og framkvæmd kafla 18.4.8. í kjarasamningi margoft komið til umræðu:

Kjarasamningur VMSÍ og VSÍ frá 24. mars 1997: Skilgreint að rekstrarstöðvun þurfi að vara í a.m.k. tvær vikur svo fella megi starfsmenn af launaskrá með fjögurra vikna fyrirvara.

Kjarasamningur VMSÍ og SA frá 13. apríl 2000: Kauptrygging eftir tveggja mánaða starf í stað fjögurra.

Kjarasamningur SGS og SA frá 1. mars 2004: Kauptryggingarsamningur gerður eftir eins mánaðar samfellt starf.

Kjarasamningur SGS og SA frá 17. febrúar 2008: Skilgreint að ekki megi fella starfsmenn af launaskrá lengur en í sex mánuði. Ákvæði þetta hafi komið inn í kjarasamning vegna áforma sem stefndi hafi kynnt í janúar 2008 að stöðva þyrfti vinnslu á tveimur starfsstöðvum í allt að 5 – 6 mánuði vegna hráefnisskorts. Betur hafi gengið að afla hráefnis en útlit hafi verið fyrir, en vinnslurnar á Húsavík og Þingeyri hafi verið lokaðar samtals í 28 vikur sumarið 2008.

Stefndi kveður reglubundnar breytingar á kauptryggingarákvæðum kjarasamninga sýna að verkalyðsfélögin ásamt atvinnurekendum hafi aðlagð samningsákvæðin að breyttum aðstæðum við veiðar og vinnslu og m.a. tekið tillit til þess að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og takmarkaðar veiðiheimildir geti haft í för með sér

langvinna rekstrarstöðvun í fiskvinnslu. Framkvæmd stefnda, m.a. á Húsavík, hafi aldrei sætt andmælum hlutaðeigandi verkalýðsfélaga. Stefnanda sé vel kunnugt um fyrirkomulag vinnlustöðvunar á Húsavík undanfarin ár enda hafi stefnanda í hvert sinn verið send tilkynning um vinnlustöðvun eins og boðið er í gr. 18.4.8.2. Formaður Framsýnar stéttarfélags hafi fyrst um sinn engar athugasemdir gert við tilkynningu Vísis hf. um hráefnisskort jafnvel þótt fyrir hafi legið að starfsemi yrði lögð niður á Húsavík eins og fram komi í bréfi hans til Vísis hf. dags. 15. apríl 2014.

Stefndi kveður veiðar og vinnslu byggja í dag á allt öðrum forsendum en þegar fyrst hafi verið samið um kauptryggingu fiskvinnslufólks. Kvótakerfi, reglur um leyfilegan meðafla og kröfur viðskiptavina hafi haft mikil áhrif á skipulag veiða og vinnslu. Skipuleg stjórnun veiða hafi gert fyrirtækjum í sjávarútvegi kleift að mæta þessum kröfum. Sú túlkun sem fram komi í stefnu að forsenda þess að umþrættum sammingsákvæðum sé beitt sé að röskun verði vegna „skyndilegs aflabrests“ sem leiði til þess að „engan afla sé að vinna“ eigi sér ekki stoð í ákvæðinu eins og það hafi verið túlkað og viðurkennd framkvæmd staðfesti. Sú túlkun stefnanda að ákvæðið eigi einungis við um „skyndilegan aflabrest“ gangi einnig þvert gegn þeirri kröfu sem gerð sé um a.m.k. fjögurra vikna tilkynningarfrest. Atvinnurekanda sé skv. gr. 18.4.8.2 heimilt „ef horfur eru á langvinnri rekstrarstöðvun“ að beita ákvæðinu. Það sé því ljóst að við þessar aðstæður sé horft til lengri tíma og metið hvort langvinn stöðvun sé framundan. „Skyndilegur aflabrestur“ leiði heldur ekki til þess að stöðva þurfi vinnslu í allt að sex mánuði, eins og ákvæðið heimili. Þegar skyndilegur aflabrestur verði sé beitt ákvæði gr. 18.4.8.1 og starfsmönnum greidd kauptrygging gegn endurgreiðslu til atvinnurekanda úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Við þær aðstæður þurfi atvinnurekandi einungis daginn áður en vinnsla stöðvast að tilkynna Vinnumálastofnun um vinnlustöðvun og eigi þá rétt á endurgreiðslu.

Stefndi byggir einnig á því að í gr. 18.4.8.1 kjarasamnings SGS og SA sé kveðið á um kauptryggingarrétt þegar hráefnisbrestur valdi vinnslustöðvun, „enda sé það í samræmi við reglur um endurgreiðslu atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu sbr. l. nr. 51/1995 með síðari breytingum og reglugerð sett skv. þeim“. Starfsmaður njóti því einungis kauptryggingarréttar í hráefnisskortri ef vinnuveitandi eigi samhliða rétt á endurgreiðslu atvinnuleysisbóta. Í reglugerð nr. 556/2004 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks sé hugtakið „vinnslustöðvun“ skilgreint. Þannig teljist það vera vinnslustöðvun ef eðlilegri vinnslu verði ekki haldið áfram í fiskvinnslufyrirtæki, í tiltekinni deild þess eða vinnslulínu vegna hráefnisskorts eða annarra viðlíka ástæðna...“. Þannig jafngildi sérhæfð hús Vísis hf. tilteknum deildum eða vinnslulínum skv. ákvæðinu. Lokun til lengri tíma samkvæmt grein 18.4.8.2 geti því einnig náð til tiltekinnar deildar eða vinnslulínu. Engin stoð sé fyrir annarri túlkun.

Stefndi kveður að þegar veiðar og vinnsla þurfi að haldast í hendur sé ekki gerlegt að fækka starfsmönnum í einstökum deildum til að lengja vinnslutímamann. Fullmanna þurfi vinnslulínu til að taka á móti þeim afla sem berist að landi. Ekki sé heldur mögulegt að fresta veiðum enda ráðist þær af fiskgengd og eftirspurn á mörkuðum. Á tímabilinu 1. september 2013 til loka apríl 2014 hafi starfsmenn í fiskvinnslu Vísis hf. á Húsavík fengið greiddar 5.495 yfirvinnustundir sem jafngildi um 9.900 dagvinnutímaígildum eða 57 mánaðarlaunum. Það sýni að ekki verði hjá því komist að vinna yfirvinnu yfir vetrartímamann með tilheyrandi kostnaði fyrir Vísí hf. Engin ástæða sé fyrir Vísí hf. að greiða tæp mánaðarlaun til hvers og eins starfsmanns yfir vetrarmánuðina ef mögulegt sé að fresta vinnslu og vinna síðar á dagvinnutímabili.

Vísir hf. hafi vegna samfélagsábyrgðar ekki treyst sér til að loka starfsstöðvum sínum enda með stærstu vinnuveitendum í þessum byggðarlögum. Það hafi þýtt að hráefni hafi ekki verið nægilega mikið til að halda úti vinnslu á öllum stöðum allt árið. Vísir

hf. hafi nú ákveðið að gera breytingar á rekstri sínum sem m.a. eigi að tryggja samfellda vinnslu allt árið, til hagsbóta fyrir starfsmenn og fyrirtækið. Sú ákvörðun breyti ekki þeirri staðreynd að fella hafi þurft starfsmenn af launaskrá vegna hráefnisskorts. Tilfærsla vinnslu til Grindavíkur sé afleiðing af hráefnisskorti en ekki orsök.

Stefndi styður kröfu sína um málskostnað við 130. gr. 1. nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Forsendur og niðurstaða:

Mál þetta á undir Félagsdóm skv. 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Deila málsaðila hverfist um það hvort Vísi hf. hafi verið heimilt, á grundvelli greinar 18.4.8.2 í kjarasamningi aðila, að boða vinnslustöðvun vegna langvinnrar rekstrarstöðvunar vegna hráefnisskorts, eins og gert var með tilkynningu fyrirtækisins þann 1. apríl 2014.

Í umræddu ákvæði kjarasamningsins kemur fram að forsenda þess að ákvæðinu verði beitt er sú, að fyrirsjáanlegt sé að rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts vari í a.m.k. tvær vikur en þó að hámarki sex mánuði.

Í tilkynningu Vísis hf. kemur ekkert fram um það hve lengi áætlað sé að vinnslustöðvun standi.

Í málinu liggur fyrir fréttatilkynning Vísis hf. frá 28. mars 2014 þar sem fram kemur að félagið skoði þann möguleika að flytja alla fiskvinnslu fyrirtækisins í áföngum til Grindavíkur og að áform stjórnenda félagsins séu að færa allan tækjabúnað fyrirtækisins á einn stað, en Grindavík sé kjörinns taður fyrir fiskvinnsluna. Þá kemur

fram í ítarefni með fréttatilkynningunni að öllu starfsfólki Vísis hf. á Húsavík verði boðin vinna í Grindavík að afloknum flutningum og tækjum og búnaði. Áhugi sé fyrir því að breyta húsnæði Vísis hf. á Húsavík í hótél.

Í framburði Aðalsteins Árna Baldurssonar, formanns Framsýnar stéttarfélags, fyrir dóminum kom fram að hann hafi setið fund með fyrirsvarsmönnum Vísis hf. 28. mars 2014 þar sem tilkynnt hafi verið að til stæði að leggja niður alla starfsemi félagsins á Húsavík. Starfsmenn fyrirtækisins á Húsavík ættu þess kost að flytja með fyrirtækinu suður til Grindavíkur. Lokað yrði á Húsavík 1. maí 2014.

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf., kom fyrir dóminn og skýrði frá því að forsendur fyrir því að leggja niður starfsemi félagsins á Húsavík hafi verið kynntar á stjórnarfundum 7. mars 2014 og ákvörðun hafi svo verið tekin í lok mars. Ekki hafi staðið til að opna aftur vinnslu á Húsavík eftir það.

Það liggur þannig fyrir að stöðvun vinnslu Vísis hf. á Húsavík var aldrei ætlað að vera tímabundin eða standa aðeins á meðan hráefnisskortur varði., Þvert á móti var gert ráð fyrir því frá því áður en vinnslustöðvunin var tilkynnt 1. apríl 2014, að vinnsla myndi ekki hefjast aftur í starfsstöð Vísis hf. á Húsavík.

Það er álit dómsins að túlka beri ákvæði greinar 18.4.8.2 í kjarasamningi aðila á þann veg að hún hljóti, samkvæmt orðanna hljóðan, að vera tímabundin, þ.e. meðan hráefnisskortur varir, en ákvæðinu verði ekki beitt þegar fyrirsjáanlegt er að starfsemin hefjist ekki að nýju að liðnum þeim sex mánaða hámarkstíma sem mælt er fyrir um í greininni. Ágreiningslaust er að svo háttu til um þá vinnslustöðvun sem hér um ræðir og breytir þá engu þó að stefndi leiði í ljós að aflaheimildir fyrirtækisins hafi ekki nægt til að halda uppi fullri starfsemi á öllum starfsstöðvum þess út fiskveiðiárið.

Þegar af þessari ástæðu ber að fallast á kröfur stefnanda í málinu eins og nánar greinir í dómsorði.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn kr. 400.000 og hefur þá verið tekið tillits til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að rekstrarstöðvun Vísis hf., sem tilkynnt var þann 1. apríl 2014 og kom til framkvæmda þann 1. maí 2014 og stendur enn, hafi verið brot á ákvæði 18.4.8.2 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Stefndi, Samtök atvinnulífsins, vegna Vísis hf., greiði stefnanda Alþýðusambandi Íslands, f.h. Starfsgreinasambands Íslands, vegna Framsýnar stéttarfélags, kr. 400.000 í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason

Ásmundur Helgason

Guðni Haraldsson

Lára V. Júlíusdóttir

Sératkvæði Valgeirs Pálssonar

Með tilkynningu 1. apríl 2014 tilkynnti Vísir hf. starfsfólki í starfsstöð sinni á Húsavík að fyrirsjáanleg væri langvinn rekstrarstöðvun í starfsstöðinni og af þeim sökum var boðuð vinnslustöðvun með fjögurra vikna fyrirvara. Tók vinnslustöðvunin gildi 1. maí sama ár. Um það leyti mun fyrirtækið hafa átt óveitt af veiðiheimildum sínum sem samsvaraði ríflega 2.000 þorskígildistönnum. Þegar litið er til þess að þá voru fjórir

mánuðir eftir af yfirstandandi fiskveiðiári, óveiddar veiðiheimildir þurfti fyrirtækið að nýta í öðrum starfsstöðvum sínum í Grindavík, á Djúpavogi og á Þingeyri, svo og að óveiddar aflaheimildir í ýsu varð einnig að nýta á móti þeim ýsuafla sem veiddur var með öðrum fiskitegundum, einkum þorski, verður að telja ljóst að Vísir hf. bjó ekki yfir nægum veiðiheimildum til að geta haldið uppi fiskvinnslu í öllum starfsstöðvum sínum það sem eftir lifði fiskveiðiársins. Við þessar aðstæður er ekki hægt að gera þær kröfur til Vísis hf. að það haldi allri fiskvinnslu sinni starfandi, sbr. m.a. dóm Félagsdóms frá 17. desember 1996 í máli nr. 14/1996 á bls. 692 í X. bindi dómasafns Félagsdóms. Um leið verður að jata fyrirtækinu nokkurt svigrúm til að ákveða í hvaða starfsstöð það mætir yfirvofandi hráefnisskorti. Að þessu virtu verður ekki talið að vinnslustöðvun Vísis hf. í starfsstöð þess á Húsavík sem kom til framkvæmda 1. maí 2014 hafi farið í bága við ákvæði 18.4.8.2 í kjarasamningi aðila sökum þess að hráefnisskortur hafi ekki verið fyrir hendi.

Samkvæmt því sem fram kom við skýrslutökur fyrir dóminum af fyrirsvarsmönnum Framsýnar stéttarfélags og Vísis hf., svo og við munnlegan flutning málsins, má ráða að vinnslustöðvun af völdum hráefnisskorts hafi varað út júnímánuð en í júlímánuði hafi vinnslustöðvunin verið vegna sumarleyfa starfsfólks. Í byrjun ágústmánaðar, þegar hafist var handa að flytja allan vinnslubúnað frá Húsavík til Grindavíkur, hafði fiskvinnsla því legið niðri um nokkurt skeið vegna sumarleyfa en ekki vegna hráefnisskorts. Þannig lá fiskvinnsla í reynd niðri vegna hráefnisskorts í um tvo mánuði eða innan þeirra tímamarka sem greinir í hinu umdeilda kjarasamningsákvæði. Er því ekki um það að tefla að fiskvinnsla hafi verið lögð niður hjá Vísir hf. á Húsavík vegna hráefnisskorts um ókominn tíma eða lengur en í sex mánuði. Fyrirgreint kjarasamningsákvæði var því ekki brotið af hálfu Vísis hf. þótt fiskvinnsla hafi ekki hafist þar að nýju að loknum sumarleyfum í ágústbyrjun.

Að virtu því sem hér að framan greinir verður atkvæði mitt að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og eftir þeim úrslitum beri stefnanda að greiða stefnda málskostnað.

Valgeir Pálsson